

Seinni aðalfundur Vatnsveitufélags sumarhúsaeigenda í Indriðastaðalandi 2021

Mánudaginn 21.júní.2021 var seinni aðalfundur Vatnsveitufélags sumarhúsaeigenda í Indriðastaðalandi Skorradal var haldinn í Álfhelli 6, Hafnarfirði.

Boðað var til fundarins í kjölfar aðalfundar sem haldinn var 14.júni en sá fundur taldist ekki löglegur vegna ákvæða í lögum félagsins sem segja fyrir um að 2/3 félagsmanna skuli mæta til að aðalfundur teljist löglegur. Skal stjórn Vatnsveitufélagsins þá boða til nýs fundar innan 14 daga og telst hann löglegur ef að lágmarki 1 félagsmaður mætir.

Ljóst að þeim ákvæðum hefur nú verið fullnægt og telst þessi fundur því löglegur.

Sigmundur Jónsson formaður félagsins bauð fundargesti velkomna og lagði til að Örn H. Magnússon verði fundarstjóri.

Bjarni Ásgeirsson ritar fundargerð

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og umræður um hana
2. endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá
3. kosning formanns,
4. kosning annarra stjórnarmanna,
5. kosning varamanna,
6. kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra,
7. framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár,
8. ákvörðun um árgjald til félagsins,
9. mál sem tiltekin eru í fundarboði,
10. önnur mál.

1. skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og umræður um hana

Sigmundur formaður flytur skýrslu stjórnar

- Fundur með eigendum Indriðastaða.
Haft var upp á tölvupóstfangi hjá Henrik Falster Hansen sem er eigandi Indriðastaða og falast eftir fundi með honum en af því varð ekki vegna Covid 19. Sent var bréf á hann og útskýrð afstaða sumarhúsafélagsins við rekstur vatnsveitu og fleira. Svar barst frá Henrik og er vilji til að hitta hann þegar hann kemst til landsins.
- Gert var við tvo leka á lögnum, einn í Bleikulág og annan við efsta hús við Hrisás þar sem lögnum var í sundur.
- Leit að vatnsöflunarstöðum
 - Verkfræðistofan Vatnaskil var fengin til að segja til um mögulega vatnstökustaði í Indriðastaðalandi eða í nálægð við það.
 - Rætt var við nokkra aðila varðandi vatnsöflun, Pétur á Grundi, Tryggva á Hálsu, Harald á Litlu Drageyri og Skógræktina. Farnar voru nokkrar ferðir til að staðsetja væntanlega lögnum í gegnum Selskóg og upp að vatnstönkum. Skógræktin tók vel í að

láta okkur fá vatn og skoða málið nánar. Hugmyndin var að bora eftir vatni í Selskógi og leiða vatnið upp í vatnstankana ofan Hríssáss. Mannvit var fengið til að staðsetja leiðina á korti og voru þær upplýsingar sendar á Skógræktina. Skógræktin hafnaði svo erindinu 31.maí. Þannig að af þessari hugmynd verður ekki.

- Haldinn var annar fundur með Vatnaskilum þann 10.maí þar sem þeir voru beðnir að fara yfir málin að nýju. Var óskað eftir að kannað yrði vatnstökustaðir, ofan Hríssáss, á Litlu Drageyri og við lokumannvirki við enda Skorradalsvatns. Einnig munum við kanna möguleika á samvinnu við nýja eigendur Mófellsstaða.
- Umræður um skýrsluna.
 - Björn Sigurðsson Indriðastaðahlíð 164 spyr hvort „Daninn“ verið afskrifaður, Sigmundur segir svo ekki vera en samskipti hafi verið lítil. Dælan virðist vera í gangi, nægt vatn sé í söfnunartönkum. Þó þarf að hafa í huga að borholan er neðan rotþróa sem er ekki það æskilegasta. Sigurður segir þrýsting hafa minnkað hjá þeim í Indriðastaðahlíðinni.
 - Gylfi Ingvarsson spyr um skýringar af hverju Skógræktin hafnaði erindinu, spyr einnig um brunavarnir, mögulegar kröfur um brunahana. Svar: Skógrækt bar við skipulagsmálum og röskun á skóginum. Þær skýringar vekja furðu þar sem að fyrir lá að Tryggvi á Hálsum hafði verið beðin að skoða möguleika á að gera stíga í skóginum fyrir Skógræktina.
Fundað hafði verið með sveitarstjórn varðandi brunamál og þar kom fram að sveitarstjórnin telji vatnsöflun fyrir slökkvilið vera í fínnum málum. Stjórn Vatnsveitufélags hyggst ræða við Slökkviliðið varðandi mögulegan aðgang að vatnslögnum í hverfinu ef upp koma neyðartilfelli. Sveitarfélagið hefur enga frekari aðkoma að vatns/brunamálum innan svæðis.
 - Ernst Lambási 2, biður um upprifjun (mætti seint á fundinn), Sigmundur fer stuttlega yfir það sem komið hefur fram.
 - Spurt er hver eigi landið undir vatntönkum, hvort við megum bora á því svæði. Sigmundur útskýrir að svæðið sé hluti af núverandi vatnsbóli og félagið telji sig vera í rétti að gera endurbætur á því.
 - Hreggviður spyr hvort hægt ekki væri að nýta vatn sem kemur niður kletta ofan hverfisins, það væri auðtekið vatn, Sigmundur segir að Vatnaskilum hafi verið bent á að skoða þennan möguleika.
 - Spurt er hvað gerist í Indriðastaðahlíðinni ef lokað verði fyrir vatnið frá borholunni. Bárður segir að hæsta húsið sé í sömu hæð og tankarnir, ekki sé hægt að lofa að vatn skili sér þaðan án dælingar.
 - Ívar Skálækjarás 12, spyr hvort sveitarfélagið hafi ekki einhverjar skyldur varðandi vatnsmál. Sigmundur segir svo ekki vera samkvæmt samtali við forsvarsmenn sveitarfélagsins.
 - Fundarstjóri leggur skýrslu stjórnar til atkvæða, samþykkt samhljóða

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá.

- Bárður gjaldkeri fer yfir reikningana
 - Spurt um hvernig útstandi skuldir eru innheimtar. Íslandsbanki sér um innheimtur, Motus tekur svo við ef kröfur eru ekki greiddar.
 - Hreggviður spyr um hvernig fjölda lóða sem nefndur er í skýrslunni sé fenginn út. Bárður útskýrir.

- Spurt er hver eigi lagnirnar.
Bárður segir félagið telja sig eiga lagnirnar. Voru upphaflega kostaðar af lóðarleiguhafar. Eignalóðir eigast sinn hlut í lögnunum. Landsbanki seldi jörðina en gögn vantar um sölu á borholunni.
- Spurt er hvort Landsbankinn geti ekki selt okkur borholuna.
Landsbankinn segist hafa selt „allt“ og þar með talið borholuna til núverandi eigenda. Bárður segir að til séu gögn sem tilgreina borholuna og dæluna meðal þeirra eigna Landsbankinn hafi keypt en ekki finnast gögn sem tilgreina hana sem eina af þeim eigum sem seldar voru núverandi eigendum Indriðastaða.
Dælan er komin á tíma og er lítils virði.
- Ársreikningar lagðir fram til samþykktar. Samþykktir samhljóma

3. Kosning formanns.

Sigmundur Jónsson núverandi formaður býður sig fram til áframhaldandi setu.
Samþykkt samhljóða.

4. Kosning annarra stjórnarmanna

- Núverandi stjórnarmenn, Bárður Hafsteinsson og Ívar Ragnarsson bjóða sig fram til áframhaldandi setu.
Samþykkt samhljóða

5. Kosning varamanna

- Bjarni Ingi Björnsson og Jón Þ Guðmundsson eru núverandi varamenn.
Fundarstjóri leggur til að þeir verði endurkjörnir.
Tillaga samþykkt samhljóða.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra

- Lagt til að skoðunarmenn reikninga ásamt varamanni verði sömu og fyrir Sumarhúsafélagið, Tillaga samþykkt samhljóða.

7. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár

- Bárður gjaldkeri fer yfir áætlunina.
 - Áætlunin var unnin með það í huga að leyfi fengist hjá Skógræktinni fyrir borun í Selskógi. Eftir að Skógræktin hafnaði því er áætlunin í uppnámi. Þó má gera ráð fyrir að borun annarsstaðar muni kosta sambærilegar upphæðir. Við vinnslu áætlunarinnar voru fengnar grófar áætlanir í borun, verð í dælu, rafmagn, stýringar og fl.
 - Áætlunin er lögð fram með fyrirvörum um endurskoðun þegar vatnsöflunarstaður hefur verið fundinn.
 - Hreggviður spyr hvort lækkað árgjald sem tilgreint í áætluninni verði þannig áfram og leggur til að árgjald verði óbreytt. Fundarstjóri bendir á lið 8 sem ræddur verði fljótlega.
 - Sigmundur fer yfir mögulega vatnstökustaði á korti.
 - Umræða fer fram varðandi möguleg vatnstökusvæði og leiðir fyrir lögnina.
 - Hreggviður kemur með spurningu varðandi lagnaleið frá borholu í Selskógi/Litlu-Drageyri.
Ívar Skálækjarás 12 bendir á mögulega leið fyrir lagnir í gegnum Selskóginn. Segir að ýmsar leiðir ættu að vera mögulegar í gegnum skóginn.

- Þróstur Lambaás 10, spyr hvort rekstraráætlun væri svipuð ef vatnstökusvæðið færðist frá Selskógi að mögulegum borunarstað við enda vatnsins. Mögulega meiri kostnaður við dælingu.
- Rekstrar og framkvæmdaáætlun lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um árgjald til félagsins

- Í rekstrar og framkvæmdaáætlun er lagt til að árgjald verði lækkað í 25þús kr. þar sem ólíklegt er að einhverjar fjárfrekar framkvæmdir verði á þessu ári.
 - Eftir nokkra umræðu er lagt til að árgjald verði óbreytt.
- Samþykkt að árgjald verði 35.000 á hverja lóð.

9. Mál sem tiltekin eru í fundarboði

- Áslaug Guðjónsdóttir, leggur fram tillögu fyrir fundinn: „Nýir félagsmenn skulu greiða inntaksgjald kr. 300.000 verði þeir félagsmenn árið 2021, gangi þeir í félagið síðar skal bætt við árgjaldi hvers ár frá 2021“
 - Hreggviður segir gjaldið vera „bratt“. Segir að meðalhófs sé ekki gætt, um sé að ræða ójöfnuð og ekki rétt að taka slíkt gjald.
 - Helgi bendir á möguleika á að lækka gjaldið.
 - Eigandi Lambáss 10 segist líka eiga Lambás 4b, það þurfi að skilgreina betur hvernig innheimtu gjaldsins væri háttað t.d. þegar lóðum er skipt.
 - Gylfi spyr um lög, er tekið fram hvort árgjald skuli greitt? Bendir á að mikilvægi þessa að gera þetta rétt. Leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar til frekari útfærslu. Hreggviður styður þá hugmynd. Áslaug styður þá hugmynd.
- Tillaga um að framlagðri tillögu verði vísað til stjórnar til frekari útfærslu samþykkt.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá fundarins og sleit fundarstjóri fundinum.